

Meistaránám í umhverfis- og auðlindafræði:

120 eininga nám til MS eða MA prófs.

Skilgreining

Tveggja ára fræðilegt og rannsóknatengt framhaldsnám í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Námið er skipulagt og rekið sameiginlega af 3 fagsviðum skólans: Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Nemendur eru vistaðir í og útskrifast frá einni af deildum fagsviðanna með gráðuna *magister scientiarum* (MS) eða *magister artium* (MA). Námið er 120e og veitir aðgang að doktorsnámi á 3. þrepi. Umfang rannsóknaverkefnis er 30e eða 60e.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði eru fyrsta háskólagráða (BS, BA eða sambærileg gráða) að viðbættum öðrum kröfum sem námstjórn hefur skilgreint, m.a. um frammistöðu í fyrra námi.

Við lok meistaraprófs skal nemandi hafa náð eftirfarandi viðmiðum til viðbótar þeim er náð var af fyrra stigi:

1. Þekking og skilningur

- 1.1. Nemandi hefur breikkað þekkingu sína á þeim ólíku fræðasviðum sem tengjast umhverfismálum og auðlindanýtingu og dýpkað þekkingu og skilning á því sviði sem hann hefur kosið að rannsaka sérstaklega.
- 1.2. Nemandi hefur þekkingu og skilning á helstu auðlindum jarðar, ólífrænum og lífrænum, hvernig nýtingu þeirra er háttáð og hvaða takmörkunum hún er háð sem og umhverfisáhrifum nýtingarinnar.
- 1.3. Nemandi hefur öðlast þverfræðilegan skilning á umhverfis- og auðlindamálum, þ.e. á því hvernig samspili þeirra og samþættingu er háttáð.
- 1.4. Nemandi hefur fræðilega þekkingu á helstu umhverfismálum samtímans og á íslenskum umhverfismálum. Hann gerir sér grein fyrir því hvar og í hverju takmörkun fræðilegs grundvallar liggur og hefur skilning á því hvað takmarkar lausnir og úrbætur.
- 1.5. Nemandi hefur þekkingu og skilning á hlutverki og samspili fræðilegra og hagnýtra rannsókna, ríkisvalds, sveitarstjórna, fyrirtækja og félagasamtaka og efnahagslegra og samfélagslegra þátta í umhverfis- og auðlindamálum. Hann kann skil á hlutverki, réttindum, skyldum og ábyrgð ríkisvalds, fyrirtækja og almennings í ákvarðanatöku og við framkvæmd umhverfis- og auðlindamála.
- 1.6. Nemandi kann skil á helstu samfélagslegu tækjum (löggjöf, stjórnsýslustofnunum, frjálsum félagasamtökum) sem koma að umfjöllun og lausn vandamála umhverfis og auðlindanýtingar.

2. Hagnýt færni og hæfni

- 2.1. Nemandi getur fundið, valið og safnað saman upplýsingum um umhverfis- og auðlindamál með því að nota viðeigandi brunna, þ.m.t. bókasöfn og netvæddar upplýsingagáttir.
- 2.2. Nemandi getur tengt saman og samþætt upplýsingar um umhverfis- og auðlindamál af ólíkum fræðasviðum og beitt þekkingu sinni og skilningi í breiðu og þverfræðilegu samhengi.
- 2.3. Nemandi getur notað flókin hugtök og kenningar, einkum á því sviði sem hann hefur sérstaklega lagt fyrir sig og kann skil á helstu aðferðum sem beitt er bæði fræðilegum og samfélagslegum. Nemandi hefur öðlast færni í notkun

og meðferð fræðilegra og hagnýtra heimilda, sem og í meðferð, úrvinnslu og framsetningu rannsóknagagna á sínu sérsviði.

- 2.4. Nemandi getur sett fram fræðilegt efni með ljósum og skýrum hætti og rökstutt fræðilegar niðurstöður og hefur öðlast hæfni til að rökræða á faglegan hátt um umhverfis- og auðlindamál. Hann getur sýnt sjálfstæða, gagnrýna en jafnframt málefnalega hugsun við samþættingu og framsetningu á flóknum málum og lausn vandamála í umhverfis- og auðlindamálum.

3. Fræðileg hæfni

- 3.1. Nemandi getur valið bestu aðferðir til úrlausnar vandamáli eða fræðilegu álitaefni á sviði umhverfis- og auðlindafræði
- 3.2. Nemandi getur á gagnrýninn hátt metið niðurstöður ólíkra kenninga og sett fram samhangandi og sjálfstæða röksemdarfærslu.
- 3.3. Nemandi getur sett fram sjálfstæða og gagnrýna lýsingu á meginviðfangsefnum umhverfis- og auðlindafræði.

4. Hæfni í samskiptum, miðlun og upplýsingalæsi

- 4.1. Nemandi getur tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti á opinberum og fræðilegum vettvangi.
- 4.2. Nemandi getur unnið með öðrum í teymi og átt árangursríkt samstarf við leiðbeinendur, jafningja og samstarfsmenn, þar með taldar gagnrýnar samræður og skoðanaskipti um fræðileg efni.

5. Almenn námshæfni

- 5.1. Nemandi hefur tileinkað sér vilja og hæfni til að læra og afla sér þekkingar, jafnframt því sem hann skoðar alla þekkingu með gagnrýnum hætti og opnum huga.